

HREINSUN, TÆMING OG EFTIRLIT ROTÞRÓA Í ÞINGEYJARSVEIT **GJALDSKRÁ 2020**

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Fyrir hverja fasteign innan marka Þingeyjarsveitar með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Þingeyjarsveitar, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 4.gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ.

Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign. Undanþegnin frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr. 3. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

2.gr.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa og er eftirfarandi miðað við tveggja ára losun:

| | |
|---------------------|---|
| 0-4000 lítrar | 12.313 kr. |
| 4001-6000 lítrar | 16.311 kr. |
| 6000 lítrar og yfir | Innheimt 1.838 kr. fyrir hvern rúm. umfram 6000 lítra |

Séu rotþrær losaðar árlega skal innheimt sem hér segir:

| | |
|---------------------|---|
| 0-4000 lítrar | 24.623 kr. |
| 4001-6000 lítrar | 32.692 kr. |
| 6000 lítrar og yfir | Innheimt 3.676 kr. fyrir hvern rúm. umfram 6000 lítra |

Endurkomugjald (þ.e. ef þró er ekki tilbúin) 50% álag miðað við stærð þróar. Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða samkvæmt reikningi verktaka. Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Ef leggja þarf lengri barka en 50 metra þá leggjast við kr. 8.945,-
Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eignendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanskildum Húsavíkurbæ frá 1. september, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á

fundi hennar þann 11. desember 2014 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 13.12.2019.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2020.